



# Veirupróf

Allir þurfa að vera með andlitsgrímu þegar komið er í veirupróf. Það er bæði til að verja sjálfan sig og aðra.




Gott er að reyna að snerta ekki neitt á sýnatökustaðnum.

Sá sem tekur sýnið er í sérstökum fötum, með grímu, hanska og vörn fyrir andlitinu til að koma í veg fyrir smit.

Tvö sýni eru tekin, annað úr hálsi og hitt úr nefi.



Þegar sýni er tekið úr hálsi þarf að opna munninn vel og segja aaaa. Sumir kúgast aðeins þegar sýnið er tekið og það er allt í lagi. Þegar sýni er tekið úr nefi þarf að setja pinna í nefið. Það getur kitlað svolítið en er fljótt búið.



Oftast tekur það bara sama tíma og tíminn sem það tekur að telja upp að þremur.

Þegar sýnatakan er búin sprittar maður hendurnar.



Við hlökkum til að sjá hvað þú átt eftir að standa þig vel í veiruprófinu.

